



Borgarráð

**Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019****1. Eingreiðslu 1. ágúst vegna frestunar á kjarasamningsviðræðum**

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 718.154 þ.kr. vegna eingreiðslu 1. ágúst nk. til launþega Reykjavíkurborgar vegna frestunar á kjarasamningsviðræðum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 07126, launa- og starfsmannakostnaður, og sundurliðast með eftirfarandi hætti á fagsvið Reykjavíkurborgar:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Íþrótt- og tómstundasvið	Til	40.053
MOF	xxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	20.397
SFS	xxxx	Skóla- og fristundasvið	Til	324.412
USK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið ES	Til	30.381
USKRK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið AS	Til	32.695
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	233.792
ÖNN	xxxx	Sameiginlegur kostnaður	Til	36.424
ÖNN	09126	Launa og starfsmannakostnaður	Frá	-718.154
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**2. Eingreiðsla 1. ágúst til Ás styrktarfélag vegna frestunar á kjarasamningsviðræðum (VEL)**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaður um 20.353 þ.kr. vegna eingreiðslu 1. ágúst til Ás styrktarfélag vegna frestunar á kjarasamningsviðræðum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 07126, launa- og starfsmannakostnaður, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
VEL	F4120	Ás styrkarfélag	Til 20.353
ÖNN	09126	Launa og starfsmannakostnaður	Frá -20.353
			<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun.

*Greinargerð:*

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er með samningi við Ás styrktarfélag sem gildir til 31. desember 2020. Í grein 4.3 kemur fram að fjárhæðir breytast í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert. Framlag vegna launakostnaðar skal taka breytingum sem taka mið annars vegar af hlutfallslegu vægi starfshópa og hins vegar af mati fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar á hækkunum í kjarasamningum við stéttarfélög viðkomandi starfshópa við Reykjavíkurborg og starfsmati. Þar sem kjarasamningsviðræðum hefur verið frestað til 15. september og innágreiðslu að fjárhæð 105 þús.kr. lofað af launagreiðanda til hvers launþega er óskað eftir fjárheimild til að greiða samkvæmt samningi til Ás þann 1 ágúst 2019.

### 3. Styrkingar á starfsemi barnaverndar (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 30.000 þ.kr. vegna styrkingar á starfsemi barnaverndar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
VEL	F9010	Barnavernd Reykjavíkur	Til 30.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -30.000
			<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

*Greinargerð:*

Sbr. samþykkt borgarráðs dags. 15. nóv. 2018. mál R18050109, styrking á starfsemi barnaverndar í Reykjavík, er gert ráð fyrir að útgjöld vegna ársins 2019 verði samtals 90.000 þkr.. Af heildar fjárhæðinni verði varanlegur kostnaðarauki 60.000 þkr., sem er nú þegar komið inn í fjárheimildir sviðsins, en auk þess nemi útgjöld vegna einskiptisaðgerða árið 2019 um 30.000 þkr.

### 4. Aukafjárveiting vegna skipunar kjörnefndar (RHS)

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 2.000 þ.kr. vegna skipunar kjörnefndar til meðhöndlunar á framkominni kæru vegna borgarstjórnarkosninga 2018. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09400	Kosningar	Til 2.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -2.000
			<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Með bréfum sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 7. og 13. júní sl. skipaði sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu kjörnefnd samkvæmt 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna vegna framkominna kæra Vigdísar Hauksdóttur og Gunnars Kristins Þórðarsonar. Nefndin óskaði eftir umsögn yfirkjörstjórnar Reykjavíkur sem var send nefndinni 18. júní sl. Kjörnefndin lauk störfum með uppkvaðningu úrskurðar 24. júní sl. þar sem kærnum var vísað frá. Í 100. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna kemur fram að kostnaður við sveitarstjórnarkosningar, þar með talinn kostnaður vegna kjörnefndar skv. 93. gr., greiðist úr sveitarsjóði. Reykjavíkurborg ber því allan kostnað af kærnumálunum, þ.e. kostnað vegna kjörnefndarinnar sjálfar og vegna umsagnargerðar yfirkjörstjórnar Reykjavíkur.

### 5. Hækkun á framlagi Reykjavíkurborgar til Vestnorræna höfuðborgarsjóðsins (RHS)

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 900 þ.kr. vegna hækkunar á framlagi Reykjavíkurborgar til Vestnorræna höfuðborgarsjóðsins. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
RHS	09320	Samstarfssjóður Nuuk-Reykjavík-Þórshöfn	Til 900
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -900
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Á fundi borgarráðs þann 9. maí 2019 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 7. maí 2019, samþykkt, ásamt fylgiskjöllum: Lagt er til að borgarráð samþykki að hækka framlag Reykjavíkurborgar til Vestnorræna höfuðborgarsjóðsins úr DKK 100.000,- í DKK 150.000,- eða úr 1.800.000 kr. í um 2.700.000 kr. miðað við gengi dagsins. Báðar samstarfsborgir Reykjavíkurborgar, Tórhavn og Nuuk/Kommuneqarfik Sermersooq, eru fyrir sitt leyti samþykkar því að hækka framlög sín sem þessu nemur.

### 6. Hækkun á árgjaldi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (RHS)

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 2.400 þ.kr. vegna hækkunar á árgjaldi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
RHS	01080	Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	Til 2.400
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -2.400
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Á kostnaðarstað 01080 samtök sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) er heimild 2019 fyrir árgjaldi 6.617.100 kr en samtökin hafa hækkað árgjaldið sbr meðfylgjandi upp í 9.015.510 kr. Þetta er hækun upp á 2.398.410 kr eða 36% frá áætlun 2019.

### **7. Breyting á leigugreiðslum til Félagsbústaða (VEL)**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 44.200 þ.kr. vegna breytinga á leigu Félagsbústaða til velferðarsviðs. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

<b>Svið</b>	<b>Kostn.st.</b>		<b>Fjárhæð (þkr.)</b>
VEL	F1630	Velferðarsvið	Til 44.200
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -44.200
			<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Tillagan er lögð fram í samræmi við mál R18100327, sbr. dagskrá fundar borgarráðs 18. júlí 2019.

Dagur B. Eggertsson